

## Svar

### fjármála- og efnahagsráðherra við fyrirspurn frá Diljá Mist Einarsdóttur um starfsmenn skatt- og tollyfirvalda.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. Hve margir störfuðu hjá embætti tollstjóra á tímabilinu 2016–2019? Svar óskast sundurliðað eftir árum.
2. Hve margir störfuðu hjá embætti ríkisskattstjóra á tímabilinu 2016–2019? Svar óskast sundurliðað eftir árum.
3. Hve margir störfuðu hjá sameinuðu embætti Skattsins á tímabilinu 2020–2022? Svar óskast sundurliðað eftir árum.

Miklar breytingar hafa verið gerðar á stofnanaskipan á sviði skatt- og tollyfirvalda undanfarin ár. Árið 2019 var innheimta opinberra gjalda á höfuðborgarsvæðinu færð frá tollstjóra til ríkisskattstjóra og í upphafi árs 2020 voru embætti tollstjóra og ríkisskattstjóra sameinuð undir heitinu Skatturinn. Árið 2021 var svo embætti skattranssóknarstjóra ríkisins lagt niður og verkefni þess sameinuð Skattinum. Í eftirfarandi töflu er að finna fjölda stöðgilda hjá embætti tollstjóra, ríkisskattstjóra, skattranssóknarstjóra og sameinuðu embætti Skattsins á árunum 2016–2022.

#### Fjöldi stöðugilda

	2016	2017	2018	2019	2020	2021	2022
Tollstjóri	222	235	228	168			
Skattranssóknarstjóri	24	28	28	28	28	32	
Ríkisskattstjóri/Skatturinn	224	222	223	267	434	446	469
<b>Samtals</b>	<b>470</b>	<b>485</b>	<b>479</b>	<b>463</b>	<b>462</b>	<b>478</b>	<b>469</b>

Heimild: ríkisreikningur.is, Skatturinn

Vakin er athygli á því í þessu sambandi að á árinu 2020 var hæfið sérstakt átak í skatt- eftirliti á vegum skattyfirvalda með auknum fjárframlögum sem nema 200 millj. kr. árið 2020 og 100 millj. kr. til viðbótar hvort ár 2021 og 2022. Skýrir það fjölgun starfa sem nemur 13 stöðugildum árið 2020 og síðan þremur til viðbótar árið 2021 og fimm árið 2022. Að því frátöldu hefur störfum á vegum skattyfirvalda fækkað um 22 á tímabilinu í tengslum við endurskipulagningu og hagræðingu í þessari starfsemi.